

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/2018

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21al (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB):

„– **32015 D 1814:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 (Stjútíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21ali (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/775):

„21alj. **32015 D 1814:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjútíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2015/1814, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.